

Nr. 014 / 13 Stormur SH 177***Fær veiðarfæri í skrúfunu***

Skipaskr.nr. 1321 IMO nr. 6927248
Smíðaður: Vestnes Noregi 1968, stál
Stærð: 161,66 brl. bt.
Mesta lengd: 33,86 m Skráð lengd: 31,35 m
Breidd: 6,4 m Dýpt: 5,7 m
Vél: Caterpillar 526 kW 1988
Fjöldi skipverja: 6



Stormur©Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 27. september 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. mars 2013 var Stormur SH 177 að línuveiðum um 15 sml. SA af Hópsnesvita. Veður: NA 17 m/sek.

Verið var að leggja línuna sem var í 48 línubölum og var lögnin langt komin þegar skipstjóri heyrði að þyngdi á vélinni. Áður en hann hafði ráðrúm til að slá af og kúpla frá skrúfu stöðvaðist vélin. Strax var ljóst að skrúfan hafði náð í línuna.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð við að draga skipið til hafnar og var björgunarskipið Oddur V. Gíslason sendur á staðinn og dró hann Storm til Grindavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að línun var lögð út af millipilfarinu um lagningarlúgu aftarlega á miðsíðu bakborðsmegin;
- að skipstjóri sagðist hafa verið að leggja með vind og sjó á flatskellu (bakborða) í krappri vindbáru. Vindur hafi slegið línunni að bátinum og jafnframt lyftist skuturinn mikið og slengdist til bakborða svo línun fór undir skutinn og í skrúfunu;
- að skrúfubúnaður var skiptiskrúfa á niðurfærslugír og kúplingu en ekki gírskiptingu svo það var ekki hægt að bakka skrúfunni til að reyna að snúa línuna ofan af öxlinum. Ekki voru hnifar á skutpípu sem skorið hefðu á línuna.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.